



Mynd: KBH

## Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar - ertu reiknimeistari?

Byggðastofnun óskar eftir að ráða drífandi talnasnilling sem býr yfir miklu frumkvæði, skipulögðum vinnubrögðum og getu til að sinna spennandi rannsóknum á sviði byggðamála auk greiningu fjárhagsupplýsinga, einkum á sviði póstmála. Um er ræða spennandi starf fyrir einstakling sem hefur áhuga á leiða faglegt starf, sinna rannsóknum, greiningum og þekkingarmiðlun. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

### Helstu verkefni

- Greining á fjárhagsupplýsingum - bókhaldskerfum. Góð kunnátta í Excel skilyrði
- Framkvæmd rannsókna og úrvinnsla gagna
- Skýrsluskrif og þekkingarmiðlun
- Faglegur stuðningur við ýmis verkefni á sviði tölfræðigreininga og gagnaúrvinnslu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði hagfræði, viðskiptafræði eða af sambærilegu sviði sem nýtist í starfi
- Góð hæfni í úrvinnslu fjárhagsupplýsinga og notkun á gagnavinnslukerfum, einkum Excel
- Þekking og reynsla af rannsóknum
- Góð færni í samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

### Frekari upplýsingar um starfið

Byggðastofnun er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið starfsumhverfi og samheldinn starfsmannahóp. Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Byggðastofnun á vefsíðunni [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is) Aðalskrifstofa stofnunarinnar er í nýju húsnæði á Sauðárkróki en í samræmi við byggðastofnu stjórnvalda er möguleiki á að ráða í starfið óstaðbundið. Byggðastofnun hefur tekið saman og birt upplýsingar um mögulegar starfsstöðvar fyrir óstaðbundin störf sem má finna á vefsíðu stofnunarinnar. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina ósk um starfsstöð í umsókn sinni.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknin getur gilt í sex mánuði frá birtingu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Senda skal umsókn til Byggðastofnunar, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki eða á netfangið [postur@byggdastofnun.is](mailto:postur@byggdastofnun.is).

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2023

Frekari upplýsingar um starfið veita Sigríður Elín Þórðardóttir forstöðumaður þróunarsviðs, [sigridur@byggdastofnun.is](mailto:sigridur@byggdastofnun.is) eða Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, [hjalti@byggdastofnun.is](mailto:hjalti@byggdastofnun.is) eða í síma 455 5455.



BYGGÐASTOFNUN